

Áfangalýsing

Titill	Goðafræði
Námsgrein	Val
Viðfangsefni	Grísk og norræn goðafræði
Skammstöfun	GOÐI3GG05
Staða	
Þrep	3
Einingafjöldi	5
Tillaga að bókstöfum eða tölustöfum skóla	GOÐI3GG05
Lýsing	<p>Í áfanganum er grísk og norræn goðafræði skoðuð í tengslum við menningu, sögu, siði, hefðir og fleira sem tengist nútímasamfélagi.</p> <p>Lesnar eru bókmenntir, greinar og heimildarit sem tengjast grískri og norræni goðafræði. Skoðað hvernig goðafræði birtist í tölvuleikjum, kvikmyndum, borðspilum og fleiru.</p> <p>Unnin eru fjölbreytt ritunarverkefni, bæði einstaklings- og hópverkefni. Að auki er unnið með munnlega færni í verkefnaskilum. Nemendur munu hafa val um hvort þeir skili verkefnum á ensku eða íslensku.</p>
Forkröfur	Hafa lokið 10 ein í ensku og íslensku á 2. þrepi
Þekkingarviðmið	Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á: <ul style="list-style-type: none">• Menningarlegu og sögulegu samhengi við nútímann.• Bókmenntum sem tengjast goðafræðinni.• Myndefni sem tengist goðafræðinni.• Kvikmyndum og öðrum tilvísunum sem tengjast goðafræðinni.
Leikniviðmið	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none">• Flytja mál sitt á skýran og áhugaverðan hátt• Skipuleggja og taka þátt í verkefnavinnu• Lesa sér til ánægju og fróðleiks• Afla upplýsinga úr heimildum, meta þær og nýta á viðurkenndan hátt• Færa rök fyrir skoðunum sínum og afstöðu
Hæfniviðmið	Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: <ul style="list-style-type: none">• Velja sér viðfangsefni og gera grein fyrir þeim.• Nýta sér fyrirlestra, umræður og annað um efni sem hann þekkir vel.• Kynna sér viðfangsefni til hlítar og meta það á gagnrýninn hátt.• Vinna efni úr ólíkum upplýsingaveitum og vinna með það samkvæmt kröfum um heimildavinnu.• Vera læs á sjálfan sig í víðu samhengi og geta mætt nýjum hlutum með gagnrýninni hugsun.
Námsmat	Áfanginn er sí matsáfangi þar sem áhersla er lögð á kynningar, jafningjamat og leiðsagnarmat. Lögð er mikil áhersla á mætingu og þátttöku í tímum.
Útgáfunúmer	
Skólar	

Fyrirmynd	
------------------	--